

FUGLAMERKINGAR XI.—XII. ÁR

FINNUR GUÐMUNDSSON

# SKÝRSLA

UM

## FUGLAMERKINGAR NÁTTÚRUGRIPASAÐAFNSINS

1942 OG 1943

FYLGIRIT SKÝRSLU UM HIÐ ÍSLENZKA NÁTTÚRUFRÆÐIFÉLAG  
FÉLAGSÁRIÐ 1943

ÍSAFOLDARPENTSMÍÐJA H.F.  
REYKJAVÍK 1945

## I. Merkingarnar 1942 og 1943.

Árið 1942 voru alls merktir 1092 fuglar og teljast þeir til 49 tegunda (sbr. töflu I.). Af þeim voru 320 eða 29.3% fullorðnir fuglar en 772 eða 70.7% ungar. Eins og jafnan áður var mest merkt af kríum eða alls 134, og voru það nær eingöngu ungar. Af öðrum tegundum, sem mikið var merkt af, má nefna 95 sendlinga (alla fullorðna), 87 þúfutittlinga, 73 skúma, 71 æðarfugl, 60 skógarþresti og 41 hrossagauk. Af maríuerlum, steindeplum, stokkendum, duggöndum, hávellum, tildrum og hettumávum voru merktir milli 30 og 40 fuglar af hverri tegund, en hjá öðrum tegundum fór fjöldi merktra fugla ekki yfir 20. Af sjaldgæfum fuglum eða flækingum voru merktir 3 svartþrestir og 1 veppja.

Árið 1943 voru alls merktir 791 fugl, sem töldust til 40 tegunda (sbr. töflu II.). Af þeim voru 195 eða 24.7% fullorðnir fuglar en 596 eða 75.3% ungar. Einnig á því ári var mest merkt af kríum eða alls 128, en næst koma svo 100 þúfutittlingar, 64 rjúpur, 48 skógarþrestir og 33 ritur. Af maríuerlum, stokkendum, seföndum, hrossagaukum, óðinshönum og sendlingum voru merktir milli 20 og 30 fuglar af hverri tegund, en hjá öðrum tegundum fór fjöldi merktra fugla ekki yfir 20. Af sjaldgæfum fuglum, sem merktir voru á árinu, má nefna mórsvölu, sem náðist í turni Landakotskirkju í Reykjavík.

Árið 1942 voru liðsmenn við merkingarnar 26 (sbr. töflu III). Jóhannes og Ragnar Sigfinnssynir

á Grímsstöðum við Mývatn voru sem fyrr afkasta-mestir við merkingarnar. Þeir merktu 457 fugla eða 41.8% af öllum fuglum, sem merktir voru á árinu. Næstir þeim að afköstum ganga Hákon Vilhjálms-son (151), Tryggvi Eyjólfsson (78), Ingvar J. Guð-bjartsson (72), Hálfdan Björnsson (60), Friðrik Sigurbjörnsson (55), Gísli Vagnsson (41), Einar O. Kristjánsson (28) og Jónas B. Jónsson (21). Tölurnar í svigum sýna hve marga fugla hver þeirra hefir merkt. Hjá öðrum liðsmönnum hefir fjöldi merktra fugla verið innan við 20.

Árið 1943 voru liðsmenn við merkingarnar 31. Grímsstaðabréður, Jóhannes og Ragnar Sigfinns-synir, merktu það ár 290 fugla eða 36.7% af öllum fuglum, sem merktir voru á árinu, og voru því enn ötulastir við merkingarnar. Næstir þeim að afköstum ganga Friðrik Sigurbjörnsson (86), Tryggvi Eyjólfsson (60), Hákon Vilhjálms-son (44), Theódór Gunnlaugsson (43), Ingvar J. Guðbjartsson (37), Guðmundur Karlsson (31) og Gunnar R. Magnússon (25). Tölurnar í svigum sýna eins og hér að framan hve marga fugla hver þeirra hefir merkt. Hjá öðrum liðsmönnum var fjöldi merktra fugla innan við 20.

TAFLA I.

Skrá yfir fugla, merkta árið 1942.

FUGLAMERKINGAR

57

	Tegundir (Species)	Fullorðnir (Full-Grown)	Ungar (Young)	Samtals (Total)
1.	Hrafn — <i>Corvus corax islandicus</i> Hantzsch	.....	3	3
2.	Auðnuttítlingur — <i>Carduelis flammea islandica</i> Hantzsch	.....	9	9
3.	Snjóttítlingur — <i>Plectrophenax nivalis nivalis</i> (L.)	.....	3	3
4.	Púfutítlingur — <i>Anthus pratensis</i> (L.)	.....	10	77
5.	Mariuerla — <i>Motacilla alba alba</i> L.	.....	3	37
6.	Skógarþróstur — <i>Turinus musicus coburni</i> Sharpe	.....	4	56
7.	Svarþróstur — <i>Turdus merula merula</i> L.	.....	3	3
8.	Steindépill — <i>Oenanthe leucorrhoa</i> (Gmelin)	.....	3	38
9.	Alft — <i>Cygnus cygnus</i> (L.)	.....	3	3
10.	Stokkönd — <i>Anas platyrhynchos</i> (L.)	.....	3	37
11.	Eita gráönd — <i>Anas strepera</i> L.	.....	2	2
12.	Urtönd — <i>Anas crecca</i> L.	.....	4	4
13.	Rauðhöfðaönd — <i>Anas penelope</i> L.	.....	1	19
14.	Grafönd — <i>Anas acuta acuta</i> L.	.....	1	20
15.	Skeiðönd — <i>Spatula clypeata</i> (L.)	.....	1	1
16.	Skúfönd — <i>Aythya fuligula</i> (L.)	.....	11	29
17.	Duggönd — <i>Aythya marila marila</i> (L.)	.....	14	40
				36
				384
		Flyt	55	329

TAFLA I. frh.

Tegundir (Species)	Flytt	Fulldönnir (Full-Grown)	Ungar (Young)	Samtals (Total)
18. Húsönd — <i>Bucephala islandica</i> (Gmelin) .....	55	329	384	
19. Hávella — <i>Clangula hyemalis</i> (L.) .....	3	10	13	
20. Æðarfugl — <i>Somateria mollissima mollissima</i> (L.) .....	12	19	31	
21. Hrafnsönd — <i>Melanitta nigra nigra</i> (L.) .....	43	28	71	
22. Litla toppönd — <i>Mergus serrator</i> L. .....	12	7	19	
23. Fyll — <i>Fulmarus glacialis</i> (L.) .....	6	5	6	
24. Sefönd — <i>Podiceps auritus</i> (L.) .....	3	6	9	
25. Lómur — <i>Colymbus stellatus</i> Pontopp. .....	1	3	4	
26. Spói — <i>Numenius phaeopus islandicus</i> (Brehm) .....		17	17	
27. Hrossagaukur — <i>Capella gallinago faeroensis</i> (Brehm)	1	40	41	
28. Óðinshani — <i>Phalaropus lobatus</i> (L.) .....	3	7	10	
29. Tildra — <i>Arenaria interpres interpres</i> (L.) .....	30		30	
30. Rauðþrystingur — <i>Calidris canutus canutus</i> (L.) .....	10		10	
31. Lóubræll — <i>Calidris alpina schinzii</i> (Brehm) .....	1	1	2	
32. Serdingur — <i>Calidris maritima maritima</i> (Brünn.) .....	95		95	
33. Sanderla — <i>Crocethia alba</i> (Pall.) .....	10		10	
34. Stelkur — <i>Tringa totanus robusta</i> (Schiöler) .....	1		1	2

35.	Sandlóa — <i>Charadrius hiaticula hiaticula</i> L. ....	2	9	11
36.	Heiðlóa — <i>Pluvialis apricaria altifrons</i> (Brehm) .....	1	15	15
37.	Vepja — <i>Vanellus vanellus</i> (L.) .....	1	1	1
38.	Tjaldur — <i>Haematopus ostralegus ostralegus</i> L. ....	5	14	14
39.	Kría — <i>Sterna macrura</i> Naum. ....	5	129	134
40.	Hettumávur — <i>Larus ridibundus ridibundus</i> L. ....	33	33	33
41.	Svartbakur — <i>Larus marinus</i> L. ....	4	4	4
42.	Rita — <i>Pissa tridactyla tridactyla</i> (L.) ....	16	16	16
43.	Skúmur — <i>Stercorarius skua skua</i> (Brünn.) .....	73	73	73
44.	Kjói — <i>Stercorarius parasiticus</i> (L.) .....	10	10	10
45.	Langví — <i>Uria aalge aalge</i> (Pontopp.) .....	1	1	1
46.	Teista — <i>Uria grylle grylle</i> (L.) .....	1	1	1
47.	Lundi — <i>Fratercula arctica arctica</i> (L.) .....	6	6	6
48.	Keldusvín — <i>Rallus aquaticus hibernans</i> Salom. ....	2	2	2
49.	Rjúpa — <i>Lagopus mutus islandorum</i> (Faber) .....	12	12	12
Samtals (Total)				320   772   1092

**TAFLA II.**  
Skrá yfir fugla, merkta árið 1943.

88

FUGLAMERKINGAR

Tegundir (Species)		Fullorðnir (Full- Grown)	Ungar (Young)	Samtals (Total)
1. Auðnuttlingur — <i>Carduelis flammea islandica</i> Hantzsch	21	2	2	2
2. Púfuttingur — <i>Anthus pratensis</i> (L.) .....	4	79	100	30
3. Mariuerla — <i>Motacilla alba alba</i> L. .....	4	26	44	48
4. Skógarþröstur — <i>Turdus musicus coburni</i> Sharpe .....	4	15	16	1
5. Steindepill — <i>Oenanthe oenanthe leucorrhoa</i> (Gmelin) .....	1	1	1	1
6. Múrsvala — <i>Apus apus apus</i> (L.) .....	1	1	1	1
7. Fálki — <i>Falco rusticolus islandus</i> Brünn. .....	1	1	1	1
8. Smyrill — <i>Falco columbarius aesalon</i> Tunst. .....	1	1	1	2
9. Stokkönd — <i>Anas platyrhynchos</i> (L.) .....	1	22	23	17
10. Urtönd — <i>Anas crecca crecca</i> L. .....	1	16	16	1
11. Rauðhöfðaönd — <i>Anas penelope</i> L. .....	1	1	1	1
12. Grafnönd — <i>Anas acuta acuta</i> L. .....	1	16	16	16
13. Skúfönd — <i>Aythya fuligula</i> (L.) .....	5	15	20	20
14. Duggönd — <i>Aythya marila marila</i> (L.) .....	6	4	4	10
15. Hávella — <i>Clangula hyemalis</i> (L.) .....	10	8	8	18
16. Straumönd — <i>Histrionicus histrionicus</i> (L.) .....	3	4	4	7
17. Æðarfugl — <i>Somateria mollissima mollissima</i> (L.) .....	10	10	10	10
18. Hrafnsönd — <i>Melanitta nigra nigra</i> (L.) .....	14	3	3	17
19. Litha toppönd — <i>Mergus serrator</i> L. .....	1	5	1	6

## FUGLAMERKINGAR

TAFLA III.  
Liðsmenn við fuglamerkingarnar árin 1942 og 1943.

Nöfn	Fjöldi merktra fugla	
	1942	1943
1. Áðalsteinn Jóhannsson, Skjalfönn, N.-Ísf. ....	1	1
2. Ásgeir Ingvarsson, Lyngholti, Snæfjallahr., N.-Ísf. ....	11	1
3. Benedikt Stefánsson, Hlíð í Lóni, A.-Skaft. ....	9	1
4. Bergsveinn Skúlason, Ögri, Snæf. ....	3	3
5. Birgir Thorlacius, stjórnarráðsfulltr., Reykjavík. ....	3	6
6. Brynjólfur Árnason, Kotnúpi í Dýrafirði. ....	28	10
7. Einar O. Kristjánsson, gullsmiður, Ísafirði ....	16	6
8. Finnur Guðmundsson, Dr. rer. nat., Reykjavík ....	55	86
9. Friðrik Sigurbjörnsson, námsmaður, Reykjavík ....	14	14
10. Gisli Hjörleifsson, Umnarholtskoti, Árn. ....	41	2
11. Gisli V. Vagnsson, Mýrum í Dýrafirði ....	2	3
12. Guðjón Einarsson, Berjanesi í Landeyjum, Rang. ....	19	31
13. Guðmundur Karlsson, Valshamri í Geiradal, A.-Barð. ....	11	11
14. Guðmundur S. Jónsson, Þerlæk í Axarfirði ....	25	25
15. Gunnar R. Magnússon, Nýlendu, Miðneshr., Gull. ....	3	3
16. Gunnþór Bender, Framtíð, Djúpavogi ....	4	10
17. Hallgrímur Sæmundsson, Baldurs saga á Mýrum, A.-Skaft. ....	151	44
18. Hákon Vilhjálmsson, Hafurbjarnarstöðum, Miðneshr., Gull. ....	60	17
19. Hálfdan Björnsson, Kvískerjum í Öræfum, A.-Skaft ....		

20.	Hjörtur Jónsson, Broddadalsá, Strand.	.	.	.	.	.	.	.	7
21.	Hlynur Sigtrygsson, Núpi í Dýrafirði.	.	.	.	.	.	.	.	10
22.	Höskuldur Stefánsson, Syðri-Balkka í Kelduhverfi.	.	.	.	.	.	.	.	2
23.	Ingimundur Ingimundarson, Svanshóli, Strand.	.	.	.	.	.	.	.	5
24.	Ingvar J. Guðbjartsson, Láganúpi í Kollsvík, V.-Barð.	.	.	.	.	.	.	.	11
25.	Jóhannes og Ragnar Sigrímssynir, Grímsstöðum við Mývatn.	.	.	.	.	.	.	.	37
26.	Jón Sigurðsson, Hvoli í Fljótsvherfi, V.-Skaft.	.	.	.	.	.	.	.	290
27.	Jónas B. Jónsson, fræðslufulltrúi, Reykjavík.	.	.	.	.	.	.	.	21
28.	Magnús Björnsson, cand. phil., Reykjavík	.	.	.	.	.	.	.	457
29.	Oskar Þorgeirsson, Torfastöðum í Biskupst., Árn.	.	.	.	.	.	.	.	2
30.	Ragnar Haraldsson, Kolfreystastað, S.-Múl.	.	.	.	.	.	.	.	21
31.	Ragnar Kristjánsson, Kirkjubóllsseli, Stöðvarfirði	.	.	.	.	.	.	.	17
32.	Sighvatur Kjartansson, Höfsói, Skag.	.	.	.	.	.	.	.	1
33.	Sigurd Ór Jóhannesson, Bakka í Melasveit, Borg.	.	.	.	.	.	.	.	17
34.	Sigurður Kristjánsson, Leirhöfn á Sléttu, N.-Ping.	.	.	.	.	.	.	.	5
35.	Skarphéðinn Gíslason, Vagnsstöðum í Suðursveit, A.-Skaft.	.	.	.	.	.	.	.	6
36.	Svava H. Halldórsdóttir, Hólmi á Mýrum, A.-Skaft.	.	.	.	.	.	.	.	6
37.	Theodór Gunnlaugsson, Bjarmalandi í Axarfirði.	.	.	.	.	.	.	.	12
38.	Tryggvi Eyjólfsson, Lambavatni á Raudásandi, V.-Barð.	.	.	.	.	.	.	.	43
39.	Þorsteinn Guðmundsson, Reynivöllum í Suðursveit, A.-Skaft.	.	.	.	.	.	.	.	60
40.	Þorvaldur Guðmundsson, Bóndhóli, Borgarhr., Mýr.	.	.	.	.	.	.	.	12
								Samtals	1092

## II. Endurheimtur 1942 og 1943.

### A. Innanlands.

#### Þúfutittlingur — *Anthus pratensis* (L.).

- 8/1893 Merktur sem fullorðinn fugl í Kollsvík í Rauðasandshr., V.-Barð., 9.8. 1942. — Drepinn af ketti á sama stað 30.8. 1942
- 8/2223 Merktur sem ungi í hreiðri á Lambavatni á Rauðasandi, V.-Barð., 27.7. 1943. — Fundinn dauður á sama stað 14.8. 1943.

#### Skógarþröstur — *Turdus musicus coburni* Sharpe.

- 6/761 Merktur sem fullorðinn fugl á Skjaldfönn í N.-Ísf. 31.5. 1938. — Náðist á sama stað 15. 4. 1939 og var endurmerktur með merkinu 6/1771 og ber nú bæði merkin.
- 6/207 Merktur sem fullorðinn fugl á Skjaldfönn í N.-Ísf. 3.4. 1937. — Náðist á sama stað 8.5. 1939 og var endurmerktur með merkinu 6/1774 og ber nú bæði merkin.
- 6/4536 Merktur sem ungi í hreiðri á Lambavatni á Rauðasandi, V.-Barð., 27.7. 1943. — Fundinn dauður á sama stað 19.8. 1943.
- 7/3072 Merktur sem ungi á Lambavatni á Rauðasandi, V.-Barð., 24.8. 1943. — Fundinn dauður á sama stað 13.9. 1943. Hafði flogið á túngirðingu.
- 7/3073 Merktur sem ungi á Lambavatni á Rauðasandi, V. Barð., 26.8. 1943. — Drepinn af smyrli á sama stað 27.8. 1943.

**Fálki — *Falco rusticolus islandus* Brünn.**

- 2/206 Merktur sem ca. 3 vikna gamall ungi í hreiðri í Hvanneyrardal í Ísafirði, N.-Ísf., 7.7. 1939. — Skotinn í Skutulsey í Hraunhr., Mýr., 23.8. 1940.
- 3/2671 Merktur sem fullorðinn fugl í Baldurshaga á Mýrum, A.-Skaft., 28.9. 1943. — Fundinn dauður á Krossalandi í Lóni, A.-Skaft., í des. 1943.

**Álf — *Cygnus cygnus* (L.).**

- 1/1 Merkt sem ungi á Grímsstöðum við Mývatn 16.8. 1942. — Fundin dauðvona af sjúkdómi og hor við Laxá í Mývatnssveit laust eftir miðjan okt. 1942. Þegar þessi ungi var merktur var hann þriðjungi minni en systkini hans, svo að sennilega hefir alltaf gengið eitthvað að honum. Hann hafði aldrei orðið fleygur.

**Stokkönd — *Anas platyrhyncha platyrhyncha* (L.).**

- 3/2458 Merkt sem ungi á Láganúpi í Kollsvík í Rauðasandshr., V.-Barð., 9.8. 1942. — Fundin dauð á sama stað 28.8. 1942.
- 3/1457 Merkt sem ungi á Lambavatni á Rauðasandi, V.-Barð., 10.9. 1940. — Fundin dauð á sama stað 14.6. 1943. Fugl þessi reyndist hafa verið kvenfugl, og hafði hann orpið þá um vorið í kálgarði í túninu á Lambavatni, en verið drepinn af ketti eða ránfugli.
- 3/2450 Merkt sem ungi á Láganúpi í Kollsvík í

Rauðasandshr., V.-Barð., 22.7. 1942. — Fundin sjórekin undir Blakksnesi í sama hreppi 6.2. 1943. Fugl þessi reyndist hafa verið karlfugl.

3/2457 Merkt sem ungi á Láganúpi í Kollsvík í Rauðasandshr., V.-Barð., 9.8. 1942. — Fundin dauð á sama stað 5. 1. 1943. Fugl þessi reyndist hafa verið karlfugl.

3/2459 Merkt sem ungi á Láganúpi í Kollsvík í Rauðasandshr., V.-Barð., 9.8. 1942. — Fundin dauð á sama stað skömmu eftir merkinguna.

3/2468 Merkt sem ungi á Láganúpi í Kollsvík í Rauðasandshr., V.-Barð., 13.8. 1942. — Fundin dauð á sama stað 18.1. 1943. Hefir sennilega flogið á símavír. Fugl þessi reyndist hafa verið kvenfugl.

#### **Urtönd — *Anas crecca crecca* L.**

5/911 Merkt sem ungi á Lambavatni á Rauðasandi, V.-Barð., 21.8. 1941. — Fundin dauð á Stökkum í sömu sveit 20.7. 1943.

5/2869 Merkt sem meira en hálfvaxinn ungi á Bjarmalandi í Axarfirði, N.-Þing., 15.8. 1943. — Fundin dauð á sama stað 4.9. 1943. Hafði sýnilegt bitfar eftir hund þvert yfir bakið.

#### **Skúfönd — *Aythya fuligula* (L.).**

4/2188 Merkt sem ungi á Grímsstöðum við Mývatn 19.7. 1943. — Fundin dauð á sama stað 23. 8. 1943.

**Duggönd — *Aythya marila marila* (L.).**

- 3/1929 Merkt sem fullorðinn kvenfugl á hreiðri á Grímsstöðum við Mývatn, 18.6. 1941. — Fundin dauð hjá Ytri-Neslöndum við Mývatn seint í ágúst 1943.
- 3/2024 Merkt sem fullorðinn kvenfugl á hreiðri á Grímsstöðum við Mývatn, 26.6. 1942. — Fundin dauð í Hrútey í Mývatni 3.7. 1943.

**Húsönd — *Bucephala islandica* (Gmelin).**

- 3/2019 Merkt sem fullorðinn kvenfugl á hreiðri á Grímsstöðum við Mývatn, 26.6. 1942. — Fundin dauð á sama stað 14.7. 1943.

**Hávella — *Clangula hyemalis* (L.).**

- 4/1284 Merkt sem fullorðinn karlfugl á Grímsstöðum við Mývatn 11.6. 1939. — Skotin á Raufarhöfn 27. 2. 1942.
- 4/1770 Merkt sem fullorðinn karlfugl á Grímsstöðum við Mývatn 11. 6. 1942. — Drapst í silunganeti hjá Vogum við Mývatn 15.9. 1942.
- 4/1460 Merkt sem fullorðinn kvenfugl á Grímsstöðum við Mývatn 15.6. 1940. — Kom í silunganeti í Syðri-Neslöndum við Mývatn 1.6. 1943. Var þá orðin allaðþrengd og fannst þar dauð nokkrum dögum síðar.
- 4/1866 Merkt sem fullorðinn kvenfugl á Grímsstöðum við Mývatn 3. 6. 1943. — Fundin dauð við símalínuna hjá Ytri-Neslöndum við Mývatn 13.6. 1943.

**Æðarfugl — Somateria mollissima mollissima  
(L.).**

- 3/2338 Merktur sem ungi á Skipeyri við Skutulsfjörð, N.-Ísf., 1.8. 1942. — Fundinn vængbrotinn við Ísafjarðarkaupstað 17.11. 1942 og var dreppinn. Fuglinn reyndist hafa verið karlfugl.
- 3/2346 Merktur sem ungi á Skipeyri við Skutulsfjörð, N.-Ísf., 1.8. 1942. — Fundinn vængbrotinn við Ísafjarðarkaupstað 16.11. 1942 og var dreppinn. Fuglinn reyndist hafa verið kvenfugl.
- 3/1879 Merktur sem fullorðinn kvenfugl á hreiðri í Bæ í Hrútafirði 27. 6. 1940. — Drapst í hrognkelsaneti í Skálholtsvík í Hrútafirði 4.4. 1943.

**Hrafnssönd — Melanitta nigra nigra (L.).**

- 3/1206 Merkt sem fullorðinn kvenfugl á hreiðri á Grímsstöðum við Mývatn 13.6. 1938. — Fundin dauð á sama stað 11.8. 1942.
- 3/1973 Merkt sem fullorðinn kvenfugl á hreiðri á Grímsstöðum við Mývatn 7.6. 1942. — Dreppinn af svartbak á sama stað 9.6. 1942.

**Fýll — Fulmarus glacialis glacialis (L.).**

- 3/1521 Merktur sem fullorðinn fugl á hreiðri í Drangshlíðarfjalli undir Eyjafjöllum 12.6. 1938 — Fundinn dauður við Skógaá undir Eyjafjöllum 21. 6. 1943.

**Sefönd — Podiceps auritus (L.).**

- 4/2178 Merkt sem ungi á Grímsstöðum við Mývatn

14.7. 1943. — Fundin dauð á sama stað fyrri hluta ágúst 1943. Hafði fest sig milli steina á vatnsbakkanum.

**Lómur — *Colymbus stellatus* Pontopp.**

3/409 Merktur sem ungi í hreiðri í Stakkadal á Rauðasandi, V.-Barð., 21.7. 1940. — Drapst í hrognkelsaneti í Botni (Langabotni) í Geirþjófsfirði, V.-Barð., 25.6. 1942.

**Spói — *Numenius phaeopus islandicus* Brehm.**

4/1101 Merktur sem ungi í Kollsvík í Rauðasands-hreppi, V.-Barð., 6.7. 1942. — Fundinn dauður á sama stað 20.9. 1942. Hefir sennilega þeðið bana við að fljúga á símalínu.

**Hrossagaukur — *Capella gallinago faeroensis* (Brehm).**

5/2620 Merktur sem ungi á Kiðafelli í Kjós 7.7. 1942. — Drepinn af ketti á sama stað 28.7. 1942.

6/4144 Merktur sem ungi á Lambavatni á Rauðasandi, V.-Barð., 17.6. 1942. — Drepinn af ketti á sama stað 20.7. 1942.

7/3174 Merktur sem fullorðinn fugl á Ærlæk í Axarfirði 10.8. 1943. — Fundinn dauður á sama stað 25.8. 1943.

6/4143 Merktur sem ungi á Lambavatni á Rauðasandi, V.-Barð., 17.6. 1942. — Fundinn dauður (ræksni) í Stakkadal í sömu sveit 15.7. 1943.

5/907 Merktur sem ungi á Lambavatni á Rauðá-

sandi, V.-Barð., 19.8. 1943. — Fundinn dauður (hafði flogið á vír) á sama stað 8.9. 1943.

**Sendlingur** — *Calidris maritima maritima*  
(Brünn.).

6/2960 Merktur sem fullorðinn fugl á Hafurbjarnarstöðum á Miðnesi, Gull., 30.4. 1940. — Náðist á sama stað 5.5. 1942, en var sleppt aftur með sama merki.

6/3047 Merktur sem fullorðinn fugl á Hafurbjarnarstöðum á Miðnesi, Gull., 18.5. 1940. — Náðist á sama stað 18.5. 1942, en var sleppt aftur með sama merki.

**Sandlöa** — *Charadrius hiaticula hiaticula* L.

6/4395 Merkt sem ungi á Kiðafelli í Kjós 8.7. 1942. — Fundin dauð á sama stað 4 dögum síðar.

**Heiðlöa** — *Pluvialis apricaria altifrons*  
(Brehm.).

5/2250 Merkt sem ungi á Grímsstöðum við Mývatn 24.6. 1942. — Fundin dauð (drepinn af ránfugli) á sama stað 11.8. 1942.

**Tjaldur** — *Haematopus ostralegus ostralegus*  
L.

5/2626 Merktur sem ungi í Skáleyjum á Breiðafirði 11.7. 1942. — Fundinn dauður á sama stað 8.9. 1942.

**Kría** — *Sterna macrura* Naum.

6/1480 Merkt sem ungi á Grímsstöðum við Mývatn

- 19.6. 1937. — Fundin dauð á sama stað 17.5. 1942.
- 6/4323 Merkt sem ungi í Kollsvík í Rauðasandshr., V.-Barð., 30.7. 1942. — Drepinn af smyrli á sama stað 15.8. 1942.
- 6/4386 Merkt sem ungi á Kiðafelli í Kjós 6.7. 1942. — Fundin dauð (hausstífð af kjóa?) á sama stað 11.7. 1942.
- 6/1034 Merkt sem fullorðinn fugl á Sauðárkróki 3.7. 1936. — Fundin dauð á sama stað 4.8. 1943.

**Svartbakur — *Larus marinus* L.**

- 3/1115 Merktur sem ungi í Kollsvík í Rauðasands-hr., V.-Barð., 13.7. 1941. — Kom á lóð hjá v/b Sæbirni frá Ísafirði 17 sjóm. NV af Blakksnesi í sömu sveit 29.3. 1943.

**Skúmur — *Stercorarius skua skua* (Brünn.).**

- 3/1124 Merktur sem ungi á Syðri-Bakka í Kelduhverfi, N.-Ping., 20.7. 1940. — Skotinn ca. 2 sjóm. austur af Grímsey 27. 6. 1942.
- 3/1128 Merktur sem ungi á Syðri-Bakka í Kelduhverfi, N.-Ping., 20.7. 1940. — Skotinn djúpt í Pistilfirði 21.7. 1943.

**Lundi — *Fratercula arctica arctica* (L.).**

- 5/852 Merktur sem fullorðinn fugl (tekinn í varpholu) í Bæ í Hrútafirði 30.5. 1935. — Náðist í varpholu á sama stað 23.5. 1940 (sbr. Fuglamerkingar IX. ár, bls. 9) og aftur 25.7. 1942, en var þá drepinn.

- Rjúpa — *Lagopus mutus islandorum* (Faber).
- 4/2120 Merkt sem fullorðinn karlfugl í Litla-Garði í Dýrafirði 27.7. 1941. — Skotinn á sama stað um miðjan okt. 1943.
- 4/2596 Merkt sem fullorðinn kvenfugl á Bjarmalandi í Axarfirði 15.7. 1943. — Skotinn á sama stað 21.10. 1943.
- 4/2632 Merkt sem stálpaður ungi á Bjarmalandi í Axarfirði 29.8. 1943. — Náðist á sama stað 12.9. 1943 en var sleppt aftur með sama merki.
- 4/2633 Merkt sem stálpaður ungi á Bjarmalandi í Axarfirði 29.8. 1943. — Flaug á gaddavírs-girðingu á sama stað 11.9. 1943 og beið bana af.
- 4/2633<sup>1)</sup> Merkt sem fullvaxinn ungi á Bjarmalandi í Axarfirði 12.9. 1943. — Skotinn á Grana-stöðum í Ljósavatnshr., S.-Þing., síðustu dagana í okt. 1943.
- 4/2647 Merkt sem stálpaður ungi á Bjarmalandi í Axarfirði 13.9. 1943. — Skotinn í Gæsadal á Tjörnesi 11.12. 1943.
- 5/2289 Merkt sem fullorðin kvenfugl á hreiðri á Grímsstöðum við Mývatn 24.6. 1943. — Skotin í Reykjahlíðarheiði í Mývatnssveit 23.10. 1943.
- 5/2293 Mérkt sem ungi á Grímsstöðum við Mývatn 29.6. 1943. — Skotin í Dalfjalli norður af Námaskarði í Mývatnssveit 5.11. 1943.

1) Merkið 4/2633 var af misgáningi notað tvisvar, eða á þennan og síðasttalda rjúpuunga.

- 5/2300 Merkt sem ungi á Grímsstöðum við Mývatn  
29.6. 1943. — Skotin í Reykjahlíðardölum í  
Mývatnssveit 15.12. 1943. Ungarnir 5/2293  
og 5/2300 voru úr sama hreiðri.
- 5/2515 Merkt sem ungi á Grímsstöðum við Mývatn  
31.7. 1943. — Skotin í Kálfastrandarhrauni  
í Mývatnssveit 10.11. 1943.
- 5/2517 Merkt sem ungi á Grímsstöðum við Mývatn  
31.7. 1943. — Skotin á Kaldárhöfða í Gríms-  
nesi, Árn., 28.11. 1943.

*B. Erlendis.*

**Grágæs — Anser anser anser (L.).**

- 2/165 Merkt sem ungi í Hvammi á Landi, Rang.,  
10.7. 1935. — Skotin hjá Wexford Harbour,  
Co. Wexford, Írlandi, 18.1. 1942.

**Litla gráönd — Anas strepera L.**

- 4/1798 Merkt sem fullorðinn kvenfugl á hreiðri á  
Grímsstöðum við Mývatn 23.6. 1942. — Skotin  
nálægt Tralee, Co. Kerry, Írlandi, 25.10.  
1943.

**Rauðhöfðaönd — Anas penelope L.**

- 4/1443 Merkt sem fullorðinn karlfugl á Grímsstöð-  
um við Mývatn 3.8. 1939. — Skotin nálægt  
Ballybunion, Co. Kerry, Írlandi, 2.12. 1943.

**Skúfönd — Aythya fuligula (L.).**

- 4/1479 Upphaflega merkt sem fullorðinn kvenfugl  
á hreiðri á Grímsstöðum við Mývatn 29.6.  
1935 með merkinu 4/601. Náðist á hreiðri á

- sama stað 22.6. 1940 og var þá endurmerkt með merkinu 4/1479. — Skotin hjá Bracklough, Finea, Co. Cavan, Írlandi, 11.2. 1943.
- 4/2191 Merkt sem ungi á Grímsstöðum við Mývatn 2.8. 1943. — Fundin dauð við ána Stinchar hjá Barr, Ayrshire, Skotlandi, 6.11. 1943.

**Rauðbrystingur — *Calidris canutus canutus***  
(L.).

- 6/2842 Merktur sem fullorðinn fugl á Hafurbjarnarstöðum á Miðnesi, Gull., 19.5. 1939. — Skotinn í febrúar 1942 við mynni árinnar Lune nálægt Lancaster á Englandi.

**Sendlingur — *Calidris maritima maritima***  
(Brünn.).

- 6/3731 Merktur sem fullorðinn fugl á Hafurbjarnarstöðum á Miðnesi, Gull., 20.5. 1942. — Drepinn af skrælingja 48 km vestur af Dorset-höfða á Baffinslandi í apríllok 1943.

**Hettumávur — *Larus ridibundus ridibundus***  
L.

- 5/2278 Merktur sem ungi í hreiðri á Grímsstöðum við Mývatn 16.6. 1943. — Skotinn hjá Badger á Nýfundnalandi 26.10. 1943.

**Rita — *Rissa tridactyla tridactyla* (L.).**

- 5/1623 Merkt sem fullorðinn fugl í Kollsvík í Rauðasandshr., V.-Barð., 27.7. 1938. — Skotin í Julianehaab á Grænlandi 2.10. 1942.
- 5/1695 Merkt sem fullorðinn fugl í Kollsvík í Rauða-

sandshr., V.-Barð., 27.5. 1938. — Var náð í kringum 13. jan. 1943 af áhöfninni á fiskiskútu, sem var á veiðum á Lahave-banka við Nova Scotia, Canada.

**Skúmur — Stercorarius skua skua (Brünn.).**  
3/2065 Merktur sem ungi á Kvískerjum í Öræfum., A.-Skaft., 2.8. 1942. — Fundinn dauður um miðjan janúar 1943 í fjörunni á vesturströnd eyjarinnar Skye (hjá Tallisker suður af Loch Bracadale) við vesturströnd Skotlands.

Hér að framan hafa verið taldar 75 endurheimtur, sem skiptast niður á 32 tegundir. Af þeim eru 27 (24 innlendar og 3 erlendar) frá árinu 1942 en 45 (37 innlendar og 8 erlendar) frá árinu 1943. Einnig eru teknar með hér að framan 2 innlendar endurheimtur frá árinu 1939 og 1 innlend endurheimt frá árinu 1940, en um þær hafði ekki fengist vitneskja fyrr, og þær hafa því ekki komið í skýrslum áður. Endur, sem merktar hafa verið á Grímsstöðum við Mývatn, og náðst þar síðar og verið endurmerktar eða sleppt aftur með sama merki, eru ekki taldar hér með. Slíkum endurheimtum mun hins vegar verða gerð skil þegar gert verður yfirlit yfir árangur merkinganna frá upphafi, en þess gerist brátt mikil þörf.

*XI.—XII. Report of the Bird-Ringing Scheme of the  
Museum of Natural History, Reykjavík, Iceland  
Progress for 1942 and 1943.*

(SUMMARY).

The total number of birds ringed in 1942, the eleventh year of the Bird-Ringing Scheme, was 1092. Of this total 320 birds or 29.3% were ringed as full-grown but 772 or 70.7% as nestlings or young ones. The species ringed were 49. The numbers of each species ringed are given in Table I. In 1942 there have been 27 recoveries, 24 within Iceland and 3 abroad.

The total number of birds ringed in 1943, the twelfth year of the Bird-Ringing Scheme, was 791. Of this total 195 birds or 24.7% were ringed as full-grown but 596 or 75.3% as nestlings or young ones. The species ringed were 40. The numbers of each species ringed are given in Table II. In 1943 there have been 45 recoveries, 37 within Iceland and 8 abroad. In this Report there are also included 3 older recoveries (2 from 1939 and 1 from 1940) within Iceland, of which we were unaware till now and they have therefore not been listed in previous reports. All recoveries abroad in 1942 and 1943 are listed below, but not the recoveries within Iceland as they may be expected not to be of such general interest as the recoveries abroad.

**Grey Lag-Goose — *Anser anser anser* (L.).**

- 2/165 Ringed as young at Hvammur in Landsveit,  
Rang., S. Iceland, 10.7. 1935. — Shot near

Wexford Harbour, Co. Wexford, Ireland,  
18.1. 1942.

**Gadwall — *Anas strepera* L.**

- 4/1798 Ringed as breeding bird (♀ ad.) at Grímsstaðir, Lake Mývatn, N. Iceland, 23.6. 1942.  
— Shot near Tralee, Co. Kerry, Ireland, 25.10. 1943.

**Wigeon — *Anas penelope* L.**

- 4/1443 Ringed as ♂ ad. at Grímsstaðir, Lake Mývatn, N. Iceland, 3.8. 1939. — Shot near Ballybunion, Co. Kerry, Ireland, 2.12. 1943.

**Tufted Duck — *Aythia fuligula* (L.).**

- 4/1479 Originally ringed as breeding bird (♀ ad.) at Grímsstaðir, Lake Mývatn, N. Iceland, 29.6. 1935 with the ring 4/601. Recaptured as breeding bird at the same place 22.6. 1940 and re-marked with the ring 4/1479. — Shot at Bracklough, Finea, Co. Cavan, Ireland, 11.2. 1943.

- 4/2191 Ringed as young at Grímsstaðir, Lake Mývatn, N. Iceland, 2.8. 1943. — Found dead by the River-side at Barr, Ayrshire, Scotland, 6.11. 1943.

**Knot — *Calidris canutus canutus* (L.).**

- 6/2842 Ringed as full-grown at Hafurbjarnarstaðir in Miðnes, Gull., S.W. Iceland, 19.5. 1939.  
— Shot at the Mouth of the River Lune, near Lancaster, England, in February 1942.

**Purple Sandpiper — *Calidris maritima*  
*maritima* (Brünn.).**

- 6/3731 Ringed as full-grown at Hafurbjarnarstaðir in Miðnes, Gull., S.W. Iceland, 20.5. 1942. — Killed by a native (Eskimo) 30 mi. W. of Cape Dorset, Baffin Island, N.W.T., Canada, at the End of April, 1943.

**Black-Headed Gull — *Larus ridibundus*  
*ridibundus* L.**

- 5/2278 Ringed as nestling at Grímsstaðir, Lake Mývatn, N. Iceland, 16.6. 1943. — Shot at Badger, Newfoundland, 26.10. 1943.

**Kittiwake — *Rissa tridactyla tridactyla* (L.).**

- 5/1623 Ringed as full-grown at Kollsvík, V.-Barð, N.W. Iceland, 27.7. 1938. — Shot at Julianehaab, Greenland, 2.10. 1942.

- 5/1695 Ringed as full-grown at Kollsvík, V.-Barð, N.W. Iceland, 27.5. 1938. — Recovered on or about January 13, 1943, by the crew of a fishing schooner operating at the „Lahave Bank“, Nova Scotia, Canada.

**Great Skua — *Stercorarius skua skua*  
(Brünn.).**

- 3/2065 Ringed as young at Kvísker in Öræfi, S. Iceland, 2.8. 1942. — Found dead on the shore at Tallisker in the Isle of Skye, Scotland, about the middle of January 1943.